

Aðalfundur haldinn okt 2009

Stjórnin endurkjörin.

Nefndir: Breytingar á nefndum. Elvar og Guðlaugur í svæðisnefnd. og Knútur Henrysson. Mótanefnd Gulla bætt við. Reiðhjólnefnd Sigurgeir og alexander og pétur stefánsson. húsnefnd aðalsteinn Bergþórsson. Annars nefndir óbreyttar. Þetta hefur verið fært inn á vefinn. Nafni breytt á svæðisnefnd yfir í umsjónarnefnd eigna (tekur yfir eignir og svæði), tilgangi hennar breytt á vefnum.

Siggi Bjarna ætlar að gera sitt besta til að koma óliubar inn í gáminn, til að smyrja ýtu og fl.

Finnur ætlar að semja við Örvar um að smyrja ýtuna, semja um svona vikulega, fara yfir traktor, ýtu, haugsugu og herfi.

Gunnar H. fékk það verkefni að ræða við væntanlegan starfsmann fyrir næsta sumar.

Þorsteinn ræðir við vinnuskólann um að fá starfsmenn þaðan. Það verður hins vegar ekki gert fyrr en liggur ljóst fyrir að starfsmaður verði á KKA svæðinu næsta sumar, ella getum við ekki haft fólk frá vinnuskólanum.

Fá Adda til að slá svæðið. Rætt um að fá enn frekari gróður á svæðið og þökuleggja pít og fleira. Allt samþykkt svæðisnefndin vinnur í þessu.

Möguleikar ræddir um að leigja reiðhöll undir púkadaga.

Ákveðið að halda endurocross mót og koma upp slíku svæði á KKA svæðinu, nota gamla RC svæðið undir það. Endurocrossnefnd skipuð Elli, Finnur og Gunnar.

Barnabraut rædd. Fannst mönnum hún vera ansi langt frá húsinu. Skoða að hækka hana eitthvað svo börnin sjáist betur.

Skilti. Það þarf að setja upp skilti á svæðinu. Líka upp með endurosvæðinu til að fólk viti hvað fer þarna fram. Elli tók að sér að smíða undir og utan um skiltin, Villi hannar og Þorsteinn hjálpar við þetta líka. Elli græjar skilti. Endurosvæði við beygju upp í fjall, elli gerir skiltið og Kiddi græjar leyfið til að setja upp skiltið.

Í skiltanefnd eru Elli og Siggi Bjarna í N1.

Snócross og íscross. Botninn fór úr því í kreppunni. Hátíð verður á Egilsstöðum og Stefán með Mývatnshátíð. Samþykkt KKA sækir um eitt mót, íscross á Leirutjörn og snócross í sambandi við Vetrariþróttahátíð 2010.

Ljós eru ekki í lagi. Laga þau fyrir veturinn.

Verslunarmannahelgi MX. við sóttum um þetta en sjáum til hvað verður úr hjá MSÍ.

Endurósvæði. ÞHJ fer yfir stöðuna á því ferli. Búið að sækja um og sótt fast að fá úthlutað stóru svæði í Torfdalnum.

Starthlið. Gulli króm ætlar að tala við járnsmiði og við Ölgerð um styrk til að gea þetta. Unnar segir að Lúlli saga cap. styrki þetta e.t.v.. Unnar tekur að sér að ræða við hann.

Vetraríþróttahátíð. ákveðið að vera með í því. Febrúar 2010.

Þvottaaðstaða er erfið. Svæðisnefndin skoðar það mál. Etv. að færa þetta nær tjörninni. Þvo í læknum keyra þar í gegn.

Bjarki Sigurðsson tilnefndur sem íþróttamaður ársins hjá KKA 2009.

Farið yfir reikninga og þeir samþykktir. Ákveðið að halda peningafund í jan.

Tillögur sem lagðar voru fram um lagabreytingar voru samþykktar.

reikningsár er almanaksárið en starfsár er okt til okt. aðalfundur haldinn í okt. ekki síðar en nóv. hvert ár, þar er ekki fjallað um reikninga félagsins. en aukaaðalfundur, peningafundur er haldinn í janúar ár hvert og þar er fjallað um reikningana, sbr. 6. tl. um aukaaðalfund.

Fundi slitið.